



TOYOTA OPNAR NÝTT VERKSTÆÐI

F.I. Reykjavík — S.l. laugardag var formlega opnuð hjá Toyota — P. Samúelsson, bifreiðasölu- og nýverkstæðisbyggingu við Nýbýlavegi 8 og er það viðbygging við núverandi húsnæði fyrirtækisins. Er þarna í fyrsta hlutanum um að ræða 760 ferm. húsnæði, sem einkum er ætlað þjónustu við Toyota-bifreiðar. Verður þar almennt viðgerðar-

verkstæði, stillinga- og réttinga- verkstæði.

Híð nýja verkstæðishús er mjög rúmgott og aðstaða starfsfólks eins og bezt verður á kosid. Sturtur eru til staðar, fataherbergi, kaffistofa o.fl. Er stefnt að því að komið verði upp helgarþjónustu og skyndiþjónustu næsta sumar.

Víbustaddir opnunina voru

fulltrúar frá Toyota-umboðinu í Danmörku, en við þá er mest samvinna hvað varðar innkaup frá Japan.

Toyota-verksmiðjurnar eru 3ju stærstu bilaverksmiðjur í heimi og framleiða þær um 2,3 milljónir bifreiða árlega eða 7000 bíla á dag. Hér á landi munu um 3000 Toyota bílar vera í eigu landsmanna.

Frá opnun hinnar nýju verkstæðisbyggingar Toyota bifreiðasöluunnar í Reykjavík F.v. eru C. Jakobsen, framkvæmdastjóri Toyota-fyrirtækisins í Danmörku, Karl Due einnig frá Toyota, H. Frahn

framkvæmdastjóri þjónustu- og tæknideildar Toyo í Danmörku og þá forstjóri bifreiðasöluunnar Páll Samúelsson, forstjóri Toyota á Íslandi og Lúðvík B. Albertsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.



Verkamanna- sambandið vill hefja undirbúning samninga

TÍMANUM hefur borizt eftirfarandi frá Verkamannasambandi Íslands.

Fundur Sambandsstjórnar Verkamannasambands Íslands, sem haldinn var 21. janúar s.l., mótmælir harðlega þeim gegndarlausu verðhækkunum, sem að undanförunu hafa dunið yfir almenning. Þessar verðhækkningar eru langtum meiri en nokkurn óráði fyrir við gerð síðustu kjarasamninga og Þjóðhagsstofnun spáði. Verður ekki annað séð, en stjórnvöld hafi með skipulögðum aðgerðum ýtt undir þessa þróun, sem ónýtir kjarasamningana og rýrir lífskjörin svo ekki verður við unað. Það er kaldhæðni, að ráðherrar, sem sífellt eru að vara almenning við verðbólgunni, ganga sjálfir lengst í því að framkvæma eða leyfa verðhækkningar hjá opinberum fyrirtækjum.

Sambandsstjórn Verkamannasambandsins telur, að nú þurfi verkalyðshreyfingunni að efla samstöðuna og hefjast nú þegar handa við undirbúning næstu kjarasamninga. Í þeim samningum verður að tryggja stórbætt lífskjör og knýja fram heilbrigðari efnahagsstefnu.



Helga Bachmann, Erlingur Gíslason og Kristbjörg Kjeld í hlutverkum sínum í Nótt á stóra sviðið

Nótt á stóra sviðið

— Kristbjörg Kjeld tekur við hlutverki í leiknum

Vegna mikillar aðsóknar að sænska leikritinu NOTT ÁSTMEYJANNA eftir Per Olov Enquist, sem sýnt hefur verið á Litla sviði Þjóðleikhússins um alllangt skeið, hefur sýningin nú verið flutt upp á Stóra sviðið og verður sýnd þar framvegis. Leikritið fjallar sem kunnugt er um leikritaskáldið Agúst Strindberg, hjónabandsferðleika hans og Siri von Essen og ýmis mál, sem nú eru hvað efst á baugi varðandi

jafnrétti kynjanna og mannlega sambúð.

Jafnframt því að sýningin verður flutt á Stóra sviðið, verða þær breytingar í hlutverkaskipan, að Kristbjörg Kjeld tekur nú við hlutverki Marie David, sem Edda Þórarinsdóttir lék áður, en Marie þessi David er í leikritinu dönsk vinkona Siri von Essen og sakar Strindberg hana um að hafa tekið frá sér eiginkonuna. Fjórdi hlutverk leikritsins er leikið af Bessa Bjarnasyni og Sigmundi Erni Arngrímsyni til skiptis.

Lokunin framlengd um óákveðinn tíma

— á friðaða svæðinu norður af Horni, en endanleg ákvörðun ekki tekinn enn, hvort það verður opnað aftur

gébé Reykjavík — „A laugardaginn var framlengd lokunin á því svæði sem Hafrannsóknarstofnun lét loka fyrir vestan land í síðustu viku, vegna mikilla smáfiskaveiða togaranna. Lokunin verður um óákveðinn tíma, eða þangað til okkur hafa borizt tillögur Hafrannsóknarstofnunar um hvort óhátt sé að opna svæðið á ný, eða hvort það eigi að vera lokað áfram“, sagði Þóður Asgeirsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu í viðtali

við Tímann. Rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson er nú norður af Horni við rannsóknir, en leiðangursstjóri þar um borð er Hjálmar Vilhjálmsson, fiskifræðingur.

Eins og kom fram í frétt um mál þetta í Tímanum nýlega, reyndist um og yfir helmingur af afla togaranna vera smáfiskur, 55 cm og minni, sem er fjögurra ára fiskur. Togarasjómenn sjálfir hvötta mjög til lokunar þessa svæðis.

Norræn vefnaðarsýning að Kjarvalsstöðum

VEFLISTINA hafa Norðurlöndin lagt stund á frá örófi alda, í fyrstu til að skýla limum fyrir veðri og vindum, síðar til auginnæmis eða til heiðurs Guði og fylgiliði hans. Á 20stu öld hefur veflistin smátt og smátt orðið að meiriháttar listgrein og stóðu þá Norðurlöndin eblilega framarlega í þeirri þróun. Nú er svokomið að öll eiga þau sér mikilhæfa listamenn í þeirri grein og fara þeir sínar eigin leiðir, en eru þó sannfærðir um séreinkenni veflistar á Norðurlöndum.

Veflistinni hefur undanfarin ár

verið ýmis sömi sýndur af listasöfnun á Norðurlöndum, en þó ekki nægur að áliti margra listamanna á þessu sviði. Fyrir tveim árum kom saman vinnuhópur veflistarmanna í Danmörku til að leggja drög að stórra sýningu sem gæfi fyllri hugmynd um það sem væri að gerast í veflist á Norðurlöndum. Annaðist Félag textilhönnuða undirbúning á því stigi fyrir Íslands hönd. Skyldi sú sýning fara fram á þriggja ára fresti og ferðast um þau öll Með styrk frá Norræna Menningarmálasjóðnum og annarri fyrirgreiðslu

var síðan lagður grundvöllur að þeirri sýningu sem mun standa yfir að Kjarvalsstöðum frá 29. janúar til 20. febrúar.

Auglýst var eftir verkum og var skipuð dómnafnd kunnátumanna frá öllum Norðurlöndum og sat Asgerður Búadóttir í henni fyrir Íslands hönd. Nefndinni bárust alls 665 verk, en það eitt sýnir grósku veflistar á Norðurlöndum, og úr þessum fjölda valdi hún 116 verk til sýningar. 16 íslenskir veflistarmenn sendu inn verk og af þeim voru samþykkt verk eftir 6

listamenn og mega Íslendingar vera stoltir af því hlutfalli. Hófst þessi sýning síðan í Listasafninu í Alaborg, fór þaðan til Hövikodden Listamíðstöðvarinnar í Osló, þaðan til Listasafnsins í Málmei, síðan til Waino Aaltonen Listasafnsins í Ábo, en þaðan kemur sýningin hingað að Kjarvalsstöðum. Héðan fer hún svo til Listaskálans í Þórshöfn.

Hafa gagnrýnendur alls staðar lokið miklu lofsorði á þessa sýningu og er hún án efa ein sú glæsilegasta sem hingað hefur komið.

Listamennirnir eru alls 95 og spanna verk þeirra yfir myndvefnað, teppi, ásaum, taubrykk, „Patchwork“-teppi, macramé, rýjateppi, batik, þrjón, göbélín, ofin skulptúr og alls konar blandaða veftækni.

Menntamálaráðuneytið og Menntamálaráð styrktu þessa sýningu, Listaráð að Kjarvalsstöðum hysir hana og greiðir fyrir henni á ýmsan hátt, en undirbúning og uppsetningu annast þær Asgerður Búadóttir, Þorbjörg Þórdardóttir, Sigrún Sværisdóttir og Ragna Róbertsdóttir.